

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 150/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Halldóri Albert Þorvaldssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með vísan til heimilda í 3. og 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærinni lýst við uppkvaðningu úrskurðarins.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist með vísan til heimildar í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, til vara, að úrlausn um gæsluvarðhaldsvist verði einungis grundvölluð á 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og gæsluvarðhaldstími stytur verulega, til þrautavara, að úrskurðað verði, að um vistun varnaraðila fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Þá er þess krafist af hálfu varnaraðila með vísan til heimildar í 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, að úrskurði um synjun á kröfu um, að varnaraðili gangist undir geðrannsókn, verði hrundið og varnaraðili látinn sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Jafnframt er krafist réttargæslubóknunar og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði fyrir réttargæslu í héraði og Hæstarétti.

I.

Í greinargerð varnaraðila er aðallega byggt á þeim röksemdum, að ekki sé sýnt, að varnaraðili geti torvelað rannsókn málsins, fái hann frelsi. Þá verði varnaraðili að njóta alls vafa, þar til ljóst sé, hvort sönnunargögn, sem lögreglan geti hugsanlega aflað, nægja til ákæru og refsíáfallis. Óvíst sé með öllu, hvort varnaraðili verði nokkru sinni talinn hafa gerst brotlegur við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í 2. mgr. 218. gr. laganna

sé ekki kveðið á um lágmark refsingar. Mjög óvarlegt sé að taka afstöðu til þess nú, hverri refsingu verði beitt.

Krafa varnaraðila um, að hann verði vistaður eins og afplánunarfangi, er byggð á 4. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist.

Af hálfu varnaraðila er talið fráleitt að fullyrða, að ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 19/1940 komi ekki til skoðunar í máli þessu og að nauðsynlegt sé, að héraðsdómari hlutist strax til um geðheilbrigðisrannsókn á varnaraðila, sbr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Rannsókn stendur yfir á hættulegri atlögu með hnífi að tveimur mönnum í Hallarmúla í Reykjavík aðfaranótt 22. mars 1992. Varnaraðili var handtekinn nálægt vettvangi skömmu eftir atburðinn, og hafa lögreglumenn, sem handtóku hann, borið, að á honum hafi fundist blóðugur hnífur. Ástæða þykir til að ætla, að varnaraðili hafi framið verknadinn. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um gæsluvarðhald. Ekki eru efni til að mæla fyrir um, að varnaraðili sé á þessu stigi rannsóknar fluttur í afplánunarfangelsi.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur ekki verið gerð krafa um rannsókn á geðheilbrigði og sakhæfi varnaraðila. Er ekki á þessu stigi málsins ástæða til að taka fram fyrir hendur rannsóknarvaldsins um þetta atriði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Þóknun til réttargæslumanns varnaraðila verður ekki dæmd í Hæstarétti á þessu stigi málsins.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 1. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Halldóri Alberts Þorvaldssyni, kt. 180168-

4519, Ástúni 14, Kópavogi, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. maí 1992 kl. 16.00.

Réttargæslumaður kærða hefur gert þá kröfu, að áframhaldandi gæsluvarðhaldi verði hafnað og þá sérstaklega samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Til vara hefur þess verið krafist, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega. Þá er þess krafist, að verði fallist á kröfu um áframhaldandi gæsluvarðhald, skuli kærði vistaður sem afplánunarfangi með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48, 1988. Þá er þess krafist að lokum, að kærði verði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn án frekari tafa.

Um málavexti vísast til úrskurðar sakadóms Reykjavíkur í sama máli, upp kveðnum 22. mars 1992.

Við yfirheyrslur 27. og 31. mars sl. hefur kærði getað betur gert grein fyrir ferðum sínum aðfaranótt sunnudagsins 22. mars sl. Ber hann þó enn við minnisleysi, enda þótt hann muni allvel um ferðir sínar og gerðir, bæði fyrir og eftir þau átök, er hann átti í við tvo menn á milli verslunarinnar Pennans og Hótel Esju í Hallarmúla.

Kærða er gefið að sök að hafa framið verknað, sem talinn er geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn 211. gr. varðar fangelsi fimm ár hið minnsta. Rannsókn málsins er hvergi nærri lokið, og enn á eftir að fara fram skýrslutaka og sakbending af hálfu beggja árárarpola. Þá hafa niðurstöður úr DNA-rannsóknnum ekki enn borist. Ber með vísan til þess, sem hér að ofan greinir, sbr. Hæstaréttardóma frá 1985, 516. bls., að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þannig, að kærði skuli sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. maí 1992 kl. 16.00.

Að svo stöddu verður ekki, eins og hér stendur á, fallist á kröfur réttargæslumanns kærða, að um vistun kærða fari eins og um væri að ræða afplánunarfanga, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48, 1988. Með vísan til atvika og gagna málsins er kröfu um geðheilbrigðisrannsókn einnig að svo stöddu hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Halldór Alberts Þorvaldsson, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. maí 1992 kl. 16.00.

Kröfum réttargæslumanns kærða um geðheilbrigðisrannsókn og gæsluvist skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48, 1988, er hafnað.